

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og fjárlög fyrir árið 2021 hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

- a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**
- | | |
|---------------------------------------------|-----------------|
| á veitusvæði HS Veitna | 6,32 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 7,90 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli | 6,72 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli | 7,42 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli | 5,66 kr./kWst., |
| á veitusvæði Veitna ohf. | 5,95 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku | 5,98 kr./kWst. |
- b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**
- | | |
|-------------------|---------------------------------------------|
| RARIK | 4,46 kr./kWst., |
| Orkubú Vestfjarða | 4,77 kr./kWst., |
| HS Veitur | 147,80 kr./m ³ (3,27 kr./kWst.). |
- c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
- d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2021, hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. júní 2021 og kemur í stað auglýsingar sama efnis, nr. 577/2021.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. maí 2021.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Hreinn Hrafnkelsson.